

Ed.

119. Frumvarp til laga

[4. mál]

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

7. gr. hljóðar svo:

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs eða ef henta þykir í einstökum greinum í lok hvers námsáfanga (annar), og skulu gefin út prófstkirteini fyrir hvort stig. Prófskirteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

9. gr. hljóðar svo:

Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir inntökupróf, þótt hann hafi ekki stundað nám í undirbúningsdeild, sbr. 5. gr.